



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7

101 Reykjavík

Björn Ingi Óskarsson

Vegna: Kvörtunar Hafdísar Sturlaugsdóttur, tilvísun máls IRN22120095/4.13.2

Með vísan í bréf ráðuneytisins frá 7. febrúar 2023 undirritað af Birni Inga Óskarssyni, fylgir hér umbeðin greinargerð.

#### Málsatvik.

Upphaf samskipta við bréfitara sem hafa nú leitt til formlegs erindis til ráðuneytisins frá Hafdís Sturlaugsdóttur, má rekja til tölvupósts hennar frá 9. nóvember 2022, og eru samskipti hennar við sveitarfélagið þann dag, eftirfarandi:

**From:** Hafdís Sturlaugsdóttir <[hafis@simnet.is](mailto:hafis@simnet.is)>

**Sent:** miðvikudagur, 9. nóvember 2022 15:45

**To:** Strandabyggð <[strandabyggd@strandabyggd.is](mailto:strandabyggd@strandabyggd.is)>

**Cc:** Þorgeir Pálsson <[thorgeir@strandabyggd.is](mailto:thorgeir@strandabyggd.is)>; Jón Sigmundsson <[jon@strandabyggd.is](mailto:jon@strandabyggd.is)>; Sigríður Jónsdóttir <[sigridur@strandabyggd.is](mailto:sigridur@strandabyggd.is)>; Matthías Lýðsson <[matthias@strandabyggd.is](mailto:matthias@strandabyggd.is)>; Hlíf Hrólfsdóttir <[hlif@strandabyggd.is](mailto:hlif@strandabyggd.is)>

**Subject:** Fundur 1338 athugasemd við fundargerð.

**Hér með óska ég eftir skýringum** á því að fundarritari bókar í fundargerð fundar 1338 1. liður " Forsendur fjárhagsáætlunar voru ræddar og mikilvægt að sveitarstjórn framfylgi hlutverki sínu m.t.t. sveitarstjórnarlaga og samþykka Strandabyggðar varðandi meðferð fjármuna. Fjárhagsáætlun vísað áfram til seinni umræðu. **Samþykkt samhljóða.**"

Oddviti lét ekki greiða atkvæði um þennan lið í dagskránni. Hann segir: "Þá bókum við að við vísum fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun 2024-2026 til seinni umræðu". Það sést á upptöku á fundinum að tveir rétta upp hendi en oddviti gerir ekkert með það. Undir næsta lið á dagskránni heyrir hann segja "samþykkt samhljóða já, takk fyrir"

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Í samþykktum um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar segir í 16. gr. k liður Atkvæðagreiðsla. "Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína."

Það er því ekki hægt að álykta eða skrifa í fundargerð að liðurinn hafi verið samþykktur þegar hann var aldrei borin undir atkvæði.

Það er ámælisvert að rétt vinnubrögð við stjórnsýslu séu ekki viðhöfð á Sveitarstjórnarfundum í Strandabyggð.

Það verður því að teljast að fyrri umræða um fjárhagsáætlun, (ef umræðu skyldi kalla þar sem engar lykiltölur voru nefndar eða neitt um fjárhagsáætlunina sjálfa) sé **ekki lokið**, enda hafa ekki verið greidd atkvæði um að vísa henni til annarrar umræðu.

Virðingarfyllt

Hafdís Sturlaugsdóttir“.

Svar oddvita:

„**From:** Þorgeir Pálsson [<mailto:thorgeir@strandabyggd.is>]

**Sent:** 09 November 2022 15:49

**To:** Hafdís Sturlaugsdóttir <[hafis@simnet.is](mailto:hafis@simnet.is)>; Strandabyggð <[strandabyggd@strandabyggd.is](mailto:strandabyggd@strandabyggd.is)>; Salbjörg Engilbertsdóttir <[salbjorg@strandabyggd.is](mailto:salbjorg@strandabyggd.is)>

**Cc:** Jón Sigmundsson <[jon@strandabyggd.is](mailto:jon@strandabyggd.is)>; Sigríður Jónsdóttir

<[sigridur@strandabyggd.is](mailto:sigridur@strandabyggd.is)>; Matthías Lýðsson <[matthias@strandabyggd.is](mailto:matthias@strandabyggd.is)>; Hlíf

Hrólfsdóttir <[hlif@strandabyggd.is](mailto:hlif@strandabyggd.is)>

**Subject:** RE: Fundur 1338 athugasemd við fundargerð.

Sæl Hafdís,

Þakka þér fyrir góða ábendingu. Það er venja að vísa umræðu um fjárhagsáætlun áfram til seinni umræðu og í raun ekki kosið sérstaklega um það, en það er hins vegar alveg rétt að formsins vegna ætti það að vera.

Ég mun draga lærdóm af þessu passa upp á þetta í framtíðinni.

Kveðja

Þorgeir“

Svar Hafdísar:

„**From:** Matthías og Hafdís <[hafis@simnet.is](mailto:hafis@simnet.is)>

**Sent:** miðvikudagur, 9. nóvember 2022 16:16

**To:** Þorgeir Pálsson <[thorgeir@strandabyggd.is](mailto:thorgeir@strandabyggd.is)>; Strandabyggð <[strandabyggd@strandabyggd.is](mailto:strandabyggd@strandabyggd.is)>; Salbjörg Engilbertsdóttir <[salbjorg@strandabyggd.is](mailto:salbjorg@strandabyggd.is)>

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

**Cc:** Jón Sigmundsson <jon@strandabyggd.is>; Sigríður Jónsdóttir <sigridur@strandabyggd.is>; Matthías Lýðsson <matthias@strandabyggd.is>; Hlíf Hrólfsdóttir <hlif@strandabyggd.is>  
**Subject:** RE: Fundur 1338 athugasemd við fundargerð.

Blessuð öll

Þetta var ekki ábending!

Ég óskaði eftir skýringum.

Í gær láðist oddvita þrisvar að ganga frá málum með atvæðagreiðslu. Tvisvar var hann áminntur um að láta greiða atkvæði um hlutina en í þetta skipti var það ekki. Ég geri ráð fyrir að tilkynna þetta til þeirra sem sjá um stjórnsýslulega endurskoðun fyrir Strandabyggð enda var fjárhagsáætlun ekki formlega afgreidd á fundinum, eins og á að gera.

Virðingarfyllt

Hafdís Sturlaugsdóttir”

Eins og hér kemur fram, er upphaf þessara skrifa spurning Hafdísar um af hverju ekki voru greidd atkvæði um að vísa fjárhagsáætlun til seinni umræðu.

Því er til að svara, að það hefur einfaldlega verið venja að ræða fjárhagsáætlun ekki eða amk mjög lítið í fyrri umræðu, en vísa henni þess í stað strax til seinni umræðu. Þegar undirritaður var sveitarstjóri Strandabyggðar á árunum 2018-2021, fór þáverandi oddviti þessa leið. Hefur þetta verið venja í Strandabyggð virðist vera og var því þessi leið einnig farin nú. Var Hafdísi bent á þetta í svari oddvita, þennan dag.

Nokkrum dögum síðar, þann 21.11, berst sveitarstjórn síðan bréf (í viðhengi með greinargerðinni) frá Hafdísi, þar sem ítælega er farið yfir fundargerðir sveitarstjórnarfunda, og meint misræmi í stjórnsýslu tilgreint:

„**From:** Hafdís Sturlaugsdóttir <hafis@simnet.is>

**Sent:** mánudagur, 21. nóvember 2022 14:16

**To:** Þorgeir Pálsson <thorgeir@strandabyggd.is>; Jón Sigmundsson <jon@strandabyggd.is>; Sigríður Jónsdóttir <sigridur@strandabyggd.is>; Matthías Lýðsson <matthias@strandabyggd.is>; Hlíf Hrólfsdóttir <hlif@strandabyggd.is>

**Cc:** Salbjörg Engilbertsdóttir <salbjorg@strandabyggd.is>

**Subject:** Bréf til sveitarstjórnar

Hér með sendi ég sveitarstjórn Strandabyggðar bréf sem ég óska eftir að verði tekið fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.

Virðingarfyllt

Hafdís Sturlaugsdóttir“

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

Undirritaður hafði þá samband við Guðjón Bragason, lögmann hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og rakti efni máls. Svar Guðjóns var eftirfarandi (í viðauka má sjá bréf undirritaðs til Guðjóns):

„**From:** Guðjón Bragason <gudjon.bragason@samband.is>

**Sent:** þriðjudagur, 22. nóvember 2022 13:30

**To:** Þorgeir Pálsson <thorgeir@strandabyggd.is>

**Subject:** Strandabyggð: Fundarsköp og afgreiðsla á sveitarstjórnarfundum

Sæll Þorgeir,

Ég held að við getum gefið okkur að framkvæmd í þessum efnum sé ekki fyllilega samræmd um land allt og geti að einhverju leyti byggt á hefðum og jafnvel persónum og leikendum. En það er ekki svarið sem þú ert að leita að, þykist ég vita.

Við þær aðstæður sem þú lýsir er án efa skynsamlegast að skerpa á forminu eftir því sem frekast er mögulegt. Sú leið sem þú nefnir í lok þíns pósts hljómar skynsamlega og getur einnig aukið skilvirkni funda.

Mér þykir líklegt að á skrifstofu sveitarfélagsins leynist gult hefti sem sambandið gaf út fyrir allmörgum árum og heitir, ef ég man rétt, Fundir og fundasköp, höfundur er Gunnar Eydal, fyrrum borgarlögmaður m.m. Þú getur farið hratt yfir það sem þar segir um afgreiðslu mála.

Ég tel í sjálfu sér ekki tilefni til að amast við þeirri framkvæmd sem þú lýsir, að mál teljist afgreitt samhljóða ef enginn hreyfir andmælum. En þá er líka mikilvægt að það sé fært til bókar og ef menn liggja yfir upptökum, eins og þú lýsir, er líka mikilvægt að oddviti kveði skýrt upp úr þannig að það heyrist, að erindi skoðist þá samþykkt og fer síðan í næsta lið á dagskrá.

Staðfesting fundargerðar felur vissulega í sér að fundarmaður hafi ekki athugasemdir við afgreiðslu mála á fundinum.

F.h. sambandsins,

Guðjón Bragason“

Undirritaður sendi þá svar til Hafdísar, sem má sjá í samskiptum hér í kjölfarið. Þar er vísað í svar Guðjóns Bragasonar:

**Frá:** "Þorgeir Pálsson" <[thorgeir@strandabyggd.is](mailto:thorgeir@strandabyggd.is)>

**Til:** "Hafdís Sturlaugsdóttir" <[hafis@simnet.is](mailto:hafis@simnet.is)>, "Jón Sigmundsson"

<[jon@strandabyggd.is](mailto:jon@strandabyggd.is)>, "Sigríður Jónsdóttir" <[sigridur@strandabyggd.is](mailto:sigridur@strandabyggd.is)>, "Matthías

Lýðsson" <[matthias@strandabyggd.is](mailto:matthias@strandabyggd.is)>, "Hlíf Hrólfsdóttir" <[hlif@strandabyggd.is](mailto:hlif@strandabyggd.is)>

**Cc:** "Salbjörg Engilbertsdóttir" <[salbjorg@strandabyggd.is](mailto:salbjorg@strandabyggd.is)>

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

**Sent:** Þriðjudagur, 22. Nóvember, 2022 14:51:44

**Efni:** RE: Bréf til sveitarstjórnar

Sæl Hafdís,

Ég vil byrja á að þakka þér fyrir bréfið og þann áhuga sem þú sýnir á stjórnsýslu Strandabyggðar. Það er mikils virði fyrir sveitarfélagið að íbúar tjái sig og séu vakandi um þróun sveitarfélagsins.

Hingað til höfum við í sveitarstjórn talið að sveitarstjórnarfundir hafi farið fram venju og reglum samkvæmt. Það má alltaf gera betur, skerpa á formsatriðum og auka enn á skýrleika í meðferð mála og því eru þínar ábendingar vel þegnar.

Hins vegar er það svo, að samkvæmt lögfræðideild Sambands íslenskra sveitarfélaga, þá er framkvæmd funda ekki eins né samræmd um land allt. Þarna spila inn hefðir, venjur og persónur og leikendur sveitarstjórna á hverjum tíma. Síðan fer þetta auðvitað eftir málum hverju sinni. Það er t.d. ólíklegt að ályktun sem sveitarstjórn samþykkir að gera, t.d. varðandi landbúnað, njóti annars stuðnings ef farið er fram á handauppréttingu í stað þess að oddviti staðfesti að hún sé samþykkt samhljóma. Hún er jú tilkomin vegna þess að sveitarstjórn öll vildi gera slíka állyktun.

Almennt sé, eru mál talin samhljóða afgreidd ef enginn hreyfir andmælum. Í þeim málum sem við vitum að skoðanir eru skiptar, er farið fram á handauppréttingu. Og þá er það skýrt samþykki þess að fundarmenn allir, bæði meirihluti og minnihluti séu sáttir við afgreiðslu mála, þegar fundargerð viðkomandi fundar er lesin yfir og síðan staðfest. Skýrara verður það ekki. Handauppréttingar við afgreiðslu mála eru því ekki alltaf framkvæmdar. En það er engu að síður sjálfsagt að hafa augun opin fyrir því að bæta ferlið og vinnubrögðin, og það munum við gera; strax á næsta fundi.

Kveðja

Þorgeir

Í kjölfarið sendi Hafdís annan póst eða þann 23. nóvember:

„**From:** Hafdís Sturlaugsdóttir <hafis@simnet.is>

**Sent:** miðvikudagur, 23. nóvember 2022 09:39

**To:** Þorgeir Pálsson <thorgeir@strandabyggd.is>

**Cc:** Jón Sigmundsson <jon@strandabyggd.is>; Sigríður Jónsdóttir

<sigridur@strandabyggd.is>; Matthías Lýðsson <matthias@strandabyggd.is>; Hlíf

Hrólfsdóttir <hlif@strandabyggd.is>; Salbjörg Engilbertsdóttir <salbjorg@strandabyggd.is>

**Subject:** Re: Bréf til sveitarstjórnar

Sæll Þorgeir

Bréfið var sent til sveitarstjórnar og í því voru fjórar spurningar.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Engri spurningu er svarað í þessu bréfi, enda hélt ég að þegar bréf væri sent til sveitarstjórnar, væri það sveitarstjórn sem tæki ákvörðun um hvernig ætti að svara þeim bréfum en ekki oddviti eða sveitarstjóri.

Virðingarfyllst

Hafdís Sturlaugsdóttir“.

Bréf Hafdísar frá 21.11 var lagt fyrir sveitarstjórnarfund 1339, þann 13. desember 2022, og þar til kynningar.

Á fundinum atvikaðist það þannig, að þar sem erindin tvö á undan bréfi Hafdísar, tengdust undirrituðum beint; „8. Samband sveitarfélaga, álit siðanefndar um meint brot á siðareglum Strandabyggðar, lagt fram til kynningar“ og „9. Svar Innviðaráðuneytis varðandi meinta ólögmeta stjórnarsýslu sveitarfélagsins við ráðningu sveitarstjóra, lagt fram til kynningar.“ ákvað undirritaður að víkja af fundi, þó svo erindin væru lögð fram til kynningar. Hafði undirritaður þar í huga ráðleggingar Guðjóns Bragasonar, hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem hafi aðspurður sagt, að strangt til tekið þyrftu hlutaðeigandi ekki að víkja ef mál væru aðeins lögð fram til kynningar, en ef umræða skapaðist, væri það hreinlegast. Undirritaður tilkynnti, að af virðingu við fundinn, myndi hann víkja, ef einhver vildi tjá sig um erindið. Fól undirritaður Sigríði Guðbjörgu Jónsdóttur, varaoddvita og fulltrúa T lista Strandabandalagsins, að taka við fundinum. Var eftirfarandi bókun gerð í því sambandi: „Oddviti felur varaoddvita fundarstjórn og vikur af fundi. Matthías óskar eftir að svar siðanefndar verði aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins.“

Næsta erindi á þessum fundi var umrætt bréf Hafdísar Sturlaugsdóttur frá 21.11.22. Ákvað þá Matthías S. Lýðsson, eiginmaður Hafdísar og oddviti minnihluta, einnig að víkja af fundi, enda hafði undirritaður tjáð honum orð lögmanns Sambandsins. Upphaflega hafði undirritaður hugsað sér að fara inn og taka við fundinum þegar bréf Hafdísar yrði tekið fyrir, enda undirritaður á engan hátt vanhæfur í því máli. Undirritaður ákvað þó að gera það ekki og beið með Matthíasi þar til umræðu um erindi Hafdísar var lokið. Eftirfarandi bókun var gerð í fundargerð varðandi umræðu um erindi Hafdísar:

„10. Erindi frá Hafdís Sturlaugsdóttur varðandi fundarsköp Strandabyggðar, lagt fram til kynningar.

Matthías Sævar Lýðsson vikur af fundinum. Hlíf Hrólfsdóttir leggur til að spurningum á bls. 2 í bréfinu verði svarað af þeim þremur sveitarstjórnarmönnum sem sitja þennan lið þ.e. Hlíf Hrólfsdóttur, Sigríði G. Jónsdóttur og Jóni Sigmundssyni.

Fulltrúar T-lista telja ekki þörf á því, þar sem hver liður er borinn undir atkvæðagreiðslu og farið er yfir fundargerð í lok fundar. Ef bókun er ekki mótmælt telst hún samþykkt. Tillaga Hlífar er felld með tveimur atkvæðum gegn einu.

Matthías Sævar Lýðsson og Þorgeir Pálsson koma aftur til fundarins.

Oddviti tekur aftur við stjórn fundarins.“

**STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410**

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Þarna hefði átt að tiltaka í fundargerð, líkt og venja er, að sveitarstjóra væri falið að svara bréfitara, í þessu tilviki Hafdís Sturlaugsdóttur. Henni hafði sannarlega verið svarað formlega af oddvita fyrir fundinn, en þarna hefði átt að tiltaka, formsins vegna, að sveitarstjóra yrði falið að svara Hafdís. Því miður láðist að gera það í þetta skiptið.

Sama dag, þann 13. desember sendir Hafdís tölvupóst til sveitarfélagsins, þar sem hún óskar leiðbeininga sveitarfélagsins varðand farveg fyrir kvörtun, eða eins og segir í bréfinu:

„Hér með óska ég eftir leiðbeiningum um hvert ég get leitað til að fá svör við þeim spurningum sem ég setti fram í bréfi í sveitarstjórnar Strandabyggðar.

Engri spurningu hefur verið svarað efnislega og eftir því sem kom fram á sveitarstjórnarfundum 1339 stendur ekki til að svara fyrirspurnum mínum.

Þar sem sveitarstjórn er stjórnvald þá hafið þið leiðbeiningaskyldu um það hvert beina á erindum til að íbúar fái svör við spurningum sínum. Hér fer ég fram á þær leiðbeiningar.

Virðingarfyllt

Hafdís Sturlaugsdóttir“

Skrifstofustjóri Strandabyggðar svarar erindinu þann 16. desember og vísar á innviðaraðuneytið, sem síðan sendir Strandabyggð erindi og kallar eftir greinargerð; þeirri sem hér er rituð.

## Samantekt

Það er rétt að áréttta, að Hafdís Sturlaugsdóttir er eiginkona Matthíasar Sævars Lýðssonar, sem er oddviti minnihluta A-lista almennra borgara í sveitarstjórn Strandasýslu. Sonur þeirra átti sæti í fyrrverandi sveitarstjórn Strandabyggðar. Hafdís hefur gagnrýnt undirritaðan á samfélagsmiðlum, bæði í aðdraganda kosninga í maí 2022 og kjölfar þeirra. Einnig hefur Hafdís gagnrýnt undirritaðan opinberlega á opnum, sameiginlegum kosningafundi í Strandabyggð, þar sem bæði T listi Strandabandalagsins og A listi Almennra borgara sátu fyrir svörum. Gagnrýni af hendi Hafdísar í garð undirritaðs, er því ekki ný af nálinni.

Það er einnig rétt að það komi fram, að A listi almennra borgara, er beintengdur fyrrverandi sveitarstjórn, sem rak undirritaðan úr starfi, án raunverulegrar ástæðu þann 20 apríl 2021. Undirritaður stefndi sveitarfélaginu, sem var í Héraðsdómi Vestfjarða, dæmt til að greiða miskabætur vegna ólögðmætrar uppsagnar. Undirritaður náði þó ekki fram þeirri kröfu að fá biðlaun greidd.

Undirritaður viðurkennir vel að það hafa komið örfá tilvik þar sem gleymdist að bera afgreiðslu mála undir atkvæði, en um leið og bent var á það, baðst undirritaður afsökunar,

**STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410**

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

bakkaði í dagskrá, þar málið upp og þar með var það afgreitt. Þetta heyrir til algerra undantekninga.

Í dag eru öll mál í fundardagskrá skilgreind; til umræðu, til kynningar eða til afgreiðslu. Séu mál til afgreiðslu, er alltaf farið fram á handauppréttingar við ákvörðun máls.

Það er einnig rétt að benda á eftirfarandi:

- Aldrei hefur neinn kjörinn fulltrúi gert athugasemd við fundargerð að yfirlestri loknum, né óskað breytinga á efni fundargerðar þar sem m.a. kemur fram afgreiðsla erinda
- Allar fundargerðir núverandi sveitarstjórnar hafa verið samþykktar samhlóma.

Það má alltaf læra af öllu og gera betur í öllum málum. Í núverandi sveitarstjórn eru allir fulltrúar nýir sem kjörnir fulltrúar, þó svo undirritaður sé með reynslu sem sveitarstjóri. Oddviti A lista Almennra borgara, Matthías Sævar Lýðsson, hefur einnig reynslu af stjórnýslu Strandabyggðar, hér á árum áður.

Það er okkar mat, amk meirihluta sveitarstjórnar, að skilvirkni í framkvæmd funda sveitarstjórnar hafi aukist enda er nú meiri áhersla lögð á formlegri afgreiðslu en áður, jafnvel í málum þar sem vitað er að sveitarstjórn er öll sammála.

Það skal ekki gert lítið úr erindi bréfitara. Íbúar hafa þann sjálfsagða rétt að gagnrýna og leita svara. Undirritaður hefur ávallt kappkostað að fara rétt að, leita ráðgjafar og/eða álits sérfróðra manna, t.d. innan lögfræðideildar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með ráðleggingar þaðan og með þá vissu og samstöðu innan sveitarstjórnar hvað varðar samþykkt fundargerða, er vandséð að hægt sé að ganga lengra í að svara bréfitara. Það liggur fyrir að sveitarstjórn Strandabyggðar hefur afgreitt mál á sveitarstjórnarfundum og afgreitt fundargerðir með þeim hætti, að lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga sér ekki ástæðu til að amast við þeirri framkvæmd. Að ætla kjörnum fulltrúum að svara meintu ósamræmi í fundargerðum sem þegar hafa verið samþykktar með viðurkenndum hætti, á því ekki rétt á sér.

Af þessu öllu sögðu, má færa fyrir því rök, að gagnrýni Hafdísar á fundarstjórn undirritaðs og þá um leið framkvæmd sveitarstjórnarfunda, afgreiðslu mála og samþykkt fundargerða sem allir kjörnir fulltrúar standa að, sé ekki réttmæt, heldur geti verið af persónulegum toga í garð undirritaðs. Það er amk staðrend, að aldrei hefur neinn í núverandi sveitarstjórn staðið í vegi fyrir því að fundargerð sé samþykkt eða óskað breytinga á efni fundargerðar þar sem m.a. kemur fram afgreiðsla erinda. Bréfitara var svarað formlega og erindi hennar lagt fram til kynningar á fundi sveitarstjórnar, þann 13.12.22. Það er líka staðreynd að lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga sér ekki ástæðu til að amast við þeirri framkvæmd sveitarstjórnarfunda sem sveitarstjórn Strandabyggðar styðst við. Eftir stendur því aðeins, gagnrýni Hafdísar Sturlaugsdóttur.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS



Hólmavík, 22.2.23

Með kveðju

Porgeir Pálsson

Oddviti/sveitarstjóri Strandabyggðar

Viðauki:

Bréf Oddvita til Guðjóns Bragasonar:

**From:** Porgeir Pálsson <[thorgeir@strandabyggd.is](mailto:thorgeir@strandabyggd.is)>

**Sent:** 22 November 2022 10:45

**To:** Guðjón Bragason <[gudjon.bragason@samband.is](mailto:gudjon.bragason@samband.is)>

**Subject:** Fundarsköp og afgreiðsla á sveitarstjórnarfundum

Sæll Guðjón,

Nokkrar spurningar: Á sveitarstjórnarfundum kemur það fyrir, að eftir jákvæða umræðu um einstaka mál þar sem sveitarstjórnarmenn skiptast á skoðunum og eru sammála um málið, að ég lýk umræðunni með því að segja samþykkt samhljóða, eða spyr hvort þetta sé samþykkt samhljóða. Ef um ágreiningsmál er að ræða, er hins vegar alltaf beiðið um handauppréttingar til að staðfesta atkvæði. Og oftast er farið fram á handauppréttingu, en það hefur komið fyrir þegar skoðun sveitarstjórnar liggur fyrir, að mál eru samþykkt samhljóða án handauppréttingar.

- Er nauðsynlegt, þegar allir eru sammála að fara fram á handauppréttingu?
- Telst afgreiðsla samþykkt ef enginn mótmælir því að málið sé afgreitt samhljóða?
- Ef sveitarstjórn samþykkir fundargerð, er hún þá ekki í raun að samþykkja allt sem í henni stendur?

Ég viðurkenni, að eftir langa umræðu um einstaka mál, hef ég einstaka sinnum gleymt að bera mál undir atkvæði. Mér er þá bent á það og ég biðst afsökunar, málið borið undir atkvæði og haldið áfram.

Ástæða þessarar spurningar er að minnihlutinn liggur nú yfir upptökum af sveitarstjórnarfundum og tíni til atvik sem þeir telja að séu brot á samþykktum og fundarsköoum og varða atkvæðagreiðslu og handauppréttingar.

Mér þætti gott að fá viðbrögð þín við þessu. Minn lærdómur er hins vegar sá, að fara alltaf fram á handauppréttingar, og stytta fundina. Það hefur nefnilega líka sýnt sig að minnihlutinn tekur oft hluta þess sem sagt er og gerir að frétt eða skoðunum, án þess að samhengi umræðunnar sé gætt.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Með kveðju

Þorgeir Pálsson

Oddviti / sveitarstjóri Strandabyggðar

570806-0410

Hafnarbraut 25

510 Hólmavík

S:451-3510



Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt.

The information in this email is confidential and may be legally privileged. It is intended solely for the addressee. Access to this email by anyone else is unauthorized. If you are not the intended recipient, any disclosure, copying, distribution or any action taken or omitted to be taken in reliance on it, is prohibited and may be unlawful.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS